

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt:

Nýtt deiliskipulag við Fljótsmörk og Þórsmörk, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 12. september 2002.

Nýtt deiliskipulag við Dynskóga, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 7. ágúst 2003.

Nýtt deiliskipulag Hraunbæjarlands, Hveragerði samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 7. ágúst 2003.

Tilheyrandi greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 1. september 2003.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson.

SAMÞYKKT

um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ.

1. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélaga nær ekki til skulu húseigendur leiða húsaskólp um rotþró og siturlögn. Ef landfræðilegar eða rekstrarlegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur má uppfylla skilyrði um skólphreinsun með öðrum aðferðum, s.s. þurrsalernum, safntönkum eða öðrum lausnum sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkir.

2. gr.

Staðsetningu rotþróa og siturlagna (og annarra sambærilegra mannvirkja) skal sýna á teikningu sem er samþykkt af viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnd. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa og siturlagna, þ.m.t. endurbætur á eldri mannvirkjum, eru háð samþykki og úttekt Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Heimilt er að fela byggingafulltrúa úttekt á rotþróum og siturlögnum. Fara skal eftir leiðbeining Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (meðferð skólps utan þéttbýlis).

3. gr.

Sveitarstjórnir skipuleggja reglubundna hreinsun og tæmingu rotþróa og meðhöndlun seyru í samræmi við reglugerð um meðhöndlun á seyru nr. 799/1999. Óheimilt er að losa seyru úr rotþróum nema á samþykktum móttökustöðum og er tæming þróa og meðhöndlun seyru einungis heimil þeim sem hafa tilskilin leyfi, sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.